


# Dropi í hafið

Verkið á myndinni, sem er í fjöruborðinu rétt fyrir innan Suðureyri, hefur vakið athygli vegfaranda í sumar. Þetta er rautt dropalaga form sem listamaðurinn hefur kallað „Dropi í hafið“. Það marar ýmist í hálfu kafi, er allt upp úr eða hverfur alveg, allt eftir því hvernig stendur á sjávarföllum. Höfundur verksins, Ólöf Björk Oddsdóttir, vill með þessu verki minnst þeirra mörgu sem hafið hefur heimtað. Rauði liturinn og dropalögunin vísa til lífsblóðsins sem hefur dropið í hafið við Íslandsstrendur í gegnum aldirnar.

Verkið er hluti sýningarinnar Sjávarmyndir sem haldin hefur verið í fjórum þéttbýlisfjórðum Ísafjarðarbæjar nú í sumar. Höfundar myndanna eru, auk Ólafar, þau Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt og myndlistarmennirnir Högni Sigurþórsson og Pétur Guðmundsson.

-VH



DV-MYND VALDIMAR HREIDARSSON

### Dropi í hafið.

Höfundur verksins er Ólöf Björk Oddsdóttir.



Síðasti spöluinn.

Hér er stóðið rekið í réttina og margar hendur á lofti við reksturinn.

Laufskálaréttir:

# Stóðið dró að fjölmenni

— á annað hundrað manns rak 700 hross til réttar

DV, SKAGAFIRÐI:

Mikið fjölmenni var samankomið við Laufskálarétt í Hjaltadal þegar stóð var réttad þar á dögnum. Réttin hefur verið ein fjölsóttasta stóðrétt landsins undanfarin ár og miðað við fólksfjöldann nú virðast vinsældir hennar síst í rénun.

Talið er að um 700 hross að fölöldum meðtöldum hafi komið í réttina að þessu sinni. Flest koma úr afréttinni í Kolbeinsdal en um 200 eru í beitarhólfi seinni part sumars í Viðvíkursveit og eru þau réttuð á undan aðalstóðinu.

Flestir sem koma í stóðréttina koma til að fylgjast með því sem þar fer fram og hitta vini og kunningja. Undanfarin ár hefur verið vaxandi ásókn í að fara með heimafólki til að

smala stóðinu og er talið að talsvert á annað hundrað manns hafi rekið hrossin til réttar að þessu sinni. Þá er talsverður fjöldi sem kemur til að aðstoða bændur við að draga hrossin í dilka og reka þau síðan heim á eftir. Því fylgja talsverð atök sem freista ungra og hraustra manna.

Þegar fjölmenni heimsækir Skagfirðinga eins og við þetta tækifæri reynir á ferðahjónustuáðila. Talið er að nánast allt gistirými í héraðinu sé fullnýtt þessa helgi og raunar er þegar búið að panta fyrir þessa helgi að ári. Þá var mikið að gera á matsölu- og veitingastöðum í héraðinu. Tveir stóðréttardansleikir voru haldnir, á Hofsósi og í Varmahlíð, og var fjölmenn á báðum stöðum.

-ÖP



Fræknir félagar.

DV-MYNDIR ÖRN ÞÓRARINSSON.

Mættir í Laufskálarétt enn einu sinni voru þeir Stefán Steingrímsson, Bessi Vésteinsson og Ingólfur Helgason.



Hestar og menn.

Hér eru Laufskálaréttir í fjallasalnum fagra, menn kannski lítt færri en hrossin, sem rekin voru til réttar, trúlega um 700 talsins.

Kjarvalsstaðir:

# Íslensk hönnun á sýningu

Um síðustu helgi var opnuð sýningin Mót – hönnun á Íslandi – íslenskir hönnuðir, á Kjarvalsstöðum. Sýningin er sameiginlegt framlag Form Ísland, samtaka hönnuða, Hönnunarsafns Ís-

lands og Listasafns Reykjavíkur til menningarborgarinnar. Eins og við var að búast mætti fjöldi gesta til opunarinnar og ekki annað að sjá en sýningin veki hrifningu viðstaddra.

Glaðhlakkalegir þremmingar Egill Helgason ásamt listamönnum Huldu Hákon og Jóni Óskari.



Hönnun fest á filmu Valgerður Matthíasdóttir, innanhússarkitekt og þátta-gerðarkona, mundar myndavélina á Kjarvalsstöðum.

Í léttum dúr það var létt yfir Þorgrími Gestssyni rithöfundi og Guðrúnu Jónsdóttur, formanni menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, á opnun hönnunarsýningarinnar.



DV-MYND EINAR ÖRN ÍBYGGNIR Á SVÍP Jón Viðar Jónsson leikhúsfraeðingur og Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður, í djúpum samræðum.

**KAUPTU MIÐA Á LEIKRITIÐ SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM!**



Nöfn þeirra sem kaupa miða á Vitleysingana á [www.visir.is](http://www.visir.is) fara í pott sem dregið verður úr Þeir heppnir einstaklingar geta unnið þriggja rétta leikhúsmáltíð fyrir tvo á veitingaskipinu Thor.

**THOR**  
Veitinga og söguskip



MÍÐAvefur.is

[visir.is](http://visir.is)